

14 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrkveitingasjóð Jóns Halldórssonar,
21. febr. húsgagnasmiðs, útgefin á venjulegan hátt 21. febrúar 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrkveitingasjóð Jóns Halldórssonar húsgagnasmiðameistara.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóni Halldórssyni húsgagnasmiðameistara árið 1938, til minningar um 30 ára starfsemi hans sem kennara við Iðnskólann í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru 939 eintök af Ævisögu iðnaðarmanns, eftir C. C. Hornung, í þýðingu eftir Sigurð Skúlason magister, ásamt útgáfurétti, þar af 776 eintök heft, 139 eintök í shirtingsbandi og 24 eintök í skinnbandi. Er nemendum Iðnskólans falin sala bókana undir eftirliti stjórnar sjóðsins.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en þegar vaxtatekjur hans eru orðnar 150 krónur á ári má verja $\frac{2}{3}$ af vöxtunum til þess að styrkja iðnnema eða iðnsveina til framhaldsnáms í Iðnskóla Reykjavíkur. Öðrum tekjum sjóðsins, svo sem gjöfum, áheitum, tillögum o. fl., má verja á sama hátt, en $\frac{1}{3}$ vaxtanna skal jafnan leggja við höfuðstól sjóðsins.

4. gr.

Þeir einir, sem lokið hafa burtfararprófi úr Iðnskóla Reykjavíkur og stunda framhaldsnám í dagskóla hans, geta notið styrks úr sjóðnum samkv. 3. gr. Skal styrkur til hvers ekki lægri en það, að samsvari skólagjaldi dagskólans.

5. gr.

Á meðan ekki er starfræktur neinn dagskóli við Iðnskólann í Reykjavík, leggjast allar árstekjur sjóðsins við höfuðstól hans.

6. gr.

Skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík ásamt dómkirkjupresti Reykjavíkur stjórna sjóðnum. Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum.

7. gr.

Fé því, sem sjóðstjórnin ákveður að úthluta árlega samkvæmt 3. gr., skal úthluta 1. des. ár hvert.

8. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Peningum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt, sem sjóðstjórnin telur tryggilegan.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og á sama tíma og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans.

10. gr.

14

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana ákvarðanir sínar um úthlutun úr sjóðnum og annað sjóðnum viðvíkjandi, er máli skiptir. 21. febr.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta, nema til samrýmingar löggjöf, er kynni að koma í bág við ákvæði hennar.

12. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

SAMÞYKKT

15

um breytingu á samþykkt nr. 63 8. júní 1937, um breytingu á samþykkt nr. 44 16. maí 1934, um sýsluvegasjóð í Skagafjarðarsýslu. 11. jan.

1. gr.

1. Á eftir 10. tölulið 1. gr. samþykktarinnar komi nýr liður, töluliður 11, er orðist svo:

11. Vesturvegur: Frá Miðvegi norðvestan Ketu um bæina Keldudal og Hróarsdal, að Kárastöðum.

2. 15. töluliður 1. gr. orðist þannig:

Unadalsvegur frá Þjóðveginum vestan við Hof um Árhóla að Bjarnastöðum í Unadal.

2. gr.

Töluliðirnir 11—20 í 1. gr. samþykktarinnar breytist samkvæmt þessu og verði 12.—21. töluliður.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 15. janúar 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. janúar 1940.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

16

um bann gegn leikföngum úr blýi. 16. febr.

Samkvæmt heimild í 6. tölulið 6. greinar laga nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum (sbr. 8. tölulið 3. greinar sömu laga) er hér með bannað að framleiða, flytja inn, hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt afhenda hverskonar leikföng úr blýi eða efnum, sem innihalda blý eða önnur hættuleg efni, sem máluð eru eða lituð með þess háttar efnum.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. febrúar 1940.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.